



18. fundur

18. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja sem haldinn var fimmtudaginn 21. febrúar 2019, kl. 15:45. Fundarstaður var skrifstofa Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær.

Mætt eru: Ólafur Þór Ólafsson, Gunnar K. Ottósson, Marta Sigurðardóttir, Guðmundur Pálsson, Fannar Jónasson, Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, Jón Ben Einarsson, Guðmundur Björnsson, Áshildur Linnet, Kristinn Benediktsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sveinn Valdimarsson og Magnús Stefánsson boðuðu forföil.

Ólafur Þór Ólafsson formaður setti fundin og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Undirritun fundargerðar nr. 17, dags. 13.12.2018.

Fundargerð hafði verið send nefndarmönnum með rafrænum hætti fyrir fundinn. Var hún samþykkt samhljóða.

2. Breytingar á Svæðisskipulagi Suðurnesja. Stefán Gunnar Thors frá VSÓ mætir á fundinn undir þessum lið.

- a) Bréf frá Jóni Ben Einarssyni f.h. Suðurnesjabæjar dags. 01.01.2019.
- b) Bréf frá Sveini Valdimarssyni f.h. Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, dags. 05.02.2019.
- c) Bréf frá Sigurði H. Valtýssyni f.h. Sveitarfélagsins Voga, dags. 01.02.2019.
- d) Bréf frá Fannari Jónassyni f.h. Grindavíkurbæjar, dags. 09.01.2019.
- e) Bréf frá Sveini Valdimarssyni f.h. Landhelgisgæslu Íslands, dags. 04.01.2019.
- f) Bréf frá Aðalheiði Ó. Gunnarsdóttur f.h. Reykjanesbæjar, dags 10.01.2019.

Allir aðilar nefndarinnar eru búnir að samþykka að auglýsa tillögurnar. Stefán fór yfir verkferlana og tímalínuna. Næstu skref eru að senda breytingartillöguna til Skipulagsstofnunar til umsagnar.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja felur ritara að senda tillöguna til Skipulagsstofnunar og jafnframt samþykkir hún að tillagan fari í auglýsingu.

3. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 breytingar.

- a) Bréf dags. 10.01.2019 frá Umhverfisstofnun.
- Lagt fram.

4. Tölvupóstur dags. 10.01.2019 frá Sveini Valdimarssyni f.h. Utanríkisráðuneytisins v. deiliskipulag fyrir öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir engar athugasemdir við deiliskipulagið fyrir öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli.

Handwritten notes and signatures at the bottom right of the page, including initials like "GUS", "AP", "KB", "GEO", and "GB", along with the text "1 bls." and other illegible scribbles.



SVÆÐISSKIPULAG SUÐURNESJA 2008 - 2024

5. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 09.01.2019, v. stækkunar Keflavíkurflugvallar – beiðni um umsögn.

Fulltrúi Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar fylgdi erindinu úr hlaði. Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja lýsir ánægju með að þessi matsáætlun sé fyrirhuguð og gerir hún engar athugasemdir.

6. Önnur mál.

Vatnvernd:

Formaður sagði frá fundi í samráðsvettvangs í vatnsverndarmálum. Minnisblað verður lagt fram á næsta fundi nefndarinnar.

Endurskoðun Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024:


Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja felur ritara að senda ákvörðun nefndarinnar frá fundi nr. 16, sem haldinn var 25. október 2018 til allra aðila sem eiga aðild að Svæðisskipulags Suðurnesja. Þar var eftirfarandi fært til bókar.


Frá staðfestingu Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024 hafa orðið margvíslegar breytingar á mikilvægum forsendum sem snúa að Suðurnesjum. Vegna þessara breytinga telur Svæðisskipulagsnefndin mikilvægt að endurskoða stefnu svæðisskipulagsins. Þessar breytingar eru m.a.:

- Mikil fjölgun hefur orðið á íbúum á Suðurnesjum, sem hefur m.a. áhrif á þróun byggðarkjarna, aldursdreifingu og búsetuþróun.
- Mikil uppbygging ferðaþjónustu hefur áhrif á landnýtingu, sem mikilvægt er að líta til. Samhliða því hafa sveitarfélögin unnið saman að Reykjanesi jarðvangi. Með uppbyggingu ferðaþjónustu og breytingar á hlutdeild atvinnugreina á svæðinu er rétt að endurmeta stefnu sveitarfélaga um umfang og eðli sameiginlegra atvinnusvæða.
- Umsvif Keflavíkurflugvallar, sem hefur vaxið geysilega á undanförunum árum og hefur margvísleg áhrif á efnahagslega og samfélagslega þróun svæðisins.
- Undirbúningur er hafinn að afmörkun framtíðarvatnsbólís Suðurnesja, sem er mikilvægt að komi fram í svæðisskipulagi Suðurnesja.
- Landsskipulagsstefna 2015-2026 hefur tekið gildi, sem mikilvægt er að líta til við framtíðarstefnu Suðurnesja.
- Sameining Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar.

Svæðisskipulagsnefndin leggur því til í samræmi við 26. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 3.9.1 gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 að hafinn verði undirbúningur að endurskoðun á Svæðisskipulagi Suðurnesja.

Ekki er fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:35.


Guðmundur Þósson
Sumar Jóhannsson
Guðmundur


Berglind Knóttuney
Kostinn R.
Guðmundur Björksson
Guðmundur
Guðlagur U. Sigurðsson 21 bls.